



Eyrarrósinn

Auglýst eftir umsóknum um Eyrarrósina

UMSÓKNUM SKAL FYLGJA:

Lýsing á verkefninu

Lögð skal fram greinargóð lýsing á verkefninu; umfangi þess, sögu og markmiðum.

Tíma- og verkáætlun

Gera skal grein fyrir stöðu og áætlaðri framvindu verkefnisins og áformum á árinu 2011. Skilyrði er að verkefninu hafi nú þegar verið hleypt af stokkunum.

Upplýsingar um aðstandendur

Lagðar skulu fram ítarlegar upplýsingar um helstu aðila sem að verkefninu standa og grein gerð fyrir þeirra þætti í því.

Fjárhagsáætlun

Tilgreina skal tekjur og gjöld verkefnisins á þessu ári. Uppgjör ársins 2009 fylgi umsókn.

- Ef umsókn fylgja ekki ofangreindar upplýsingar verður hún ekki tekin til greina
- Umsækjendur geta verið m.a. stofnun, safn, tímabundið verkefni eða menningarhátíð
- Úthlutunarnefnd tilnefnir þrjú verkefni úr hópi umsækjenda um Eyrarrósina 2011
- Eitt þeirra hlýtur viðurkenninguna, 1.500.000 kr. og verðlaunagrip til eignar
- Viðurkenningin verður veitt í ársbyrjun 2011 á Bessastöðum
- Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú
- Umsóknarfrestur er til **15. nóvember 2010** og verður öllum umsóknum svarað
- Umsóknir skal senda til Listahátíðar í Reykjavík, pósthólf 88, 121 Reykjavík, merktar „Eyrarrósinn“

Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands standa saman að Eyrarrósinni, viðurkenningu sem veitt er árlega einu afburða menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar á landsbyggðinni.

Verðlaunahafar Eyrarrósarinnar frá upphafi eru:

- 2005 Þjóðlagahátíðin á Siglufirði
- 2006 LungA, Listahátíð ungs fólks á Austurlandi
- 2007 Strandagaldur á Hólmavík
- 2008 Aldrei fór ég suður, rokkhátíð alþýðunnar á Ísafirði
- 2009 Landnámssetur Íslands, Borgarnesi
- 2010 Bræðslan á Borgarfirði eystra

Nánari upplýsingar fást hjá
Listahátíð í Reykjavík
í síma 561 2444, artfest@artfest.is
www.listahatid.is